

Fundargerð stjórnar GLÍ

Stjórn kosin 28. september 2025

Fundur, haldinn þriðjudaginn 14. október á skrifstofu GLÍ kl. 13:00

Mættir; Rögnvaldur, Kjartan, Lambi, Sigmundur og Sigurjón.

1. Farið yfir fundargerðir fyrri tveggja funda stjórnar. Smá orðalagsbreyting er lögð til á í fundargerð frá fyrsta fundi stjórnar og breyting samþykkt. Báðar fundargerðir samþykktar og verða þær settar á vef sambandsins um leið og aðgangur að heimasíðunni fæst.
2. **Fjármál.** Rædd fjármál sambandsins. Sigmundur er að fá nauðsynleg skjöl til að fara með til Skattsins og í bankann. Aðgangur að bankareikningum ætti að verða kominn í gegn að viku liðinni, ef allt gengur vel.
Gjaldkeri hefur fengið einhverjar kvittanir frá fyrri hluta ársins. Gjaldkeri bráðabirgðastjórnar hefur látið vita að engar kvittanir eru í hennar vörslu. Kanna þarf hvað bókar er með.
3. **Drög að mótaskrá** vetrarins er komin frá mótanefnd. Haustmót verði í Reykjavík um miðjan, eða eftir miðjan nóvember. Stefnt er að því að fá Skell undir mótið. Ritari kanni stöðuna. Bikarglíma verði í seinni hluta janúar og grunnskólamót í seinni hluta febrúar. Þessi mót verði á suðurlandi og Reyðarfirði en eftir er að ákveða í samstarfi við héraðssamböndin. Íslandsmót verði í Reykjavík um miðjan eða seinni hluta mars og verði þá Glímuping sama dag. Íslandsglíman verði í kringum miðjan apríl í Búðardal, samfara vígslu nýs íþróttahúss. Mótanefnd vinnur út frá þessum drögum og liggur vonandi fyrir fullmótuð mótaskrá innan 2-3 vikna.
4. World Ethnosport hefur sent sambandinu tölvupóst þann 7. október s.l. þar sem fram kemur að GLÍ hafi sótt um aðild og stjórn samtakanna hafi yfirfarið umsóknina og veitt GLÍ s.k. „observer status“ sem er líklega eins konar staða áheyrnarfulltrúa og er undanfari fullrar aðildar. Í póstinum kemur fram að World Ethnosport hafi óskað frekari upplýsinga en ekki verið svarað. Ennfremur er óskað eftir upplýsingum um fyrirhugað mót á Íslandi þann 25 október 2025. Þeim er þó kunnugt um að GSG er ekki lengur formaður GLÍ. Utanríkisnefnd er falið að svara póstinum á þann hátt að fram komi að GLÍ hafi ekki lengur áhuga á að vera aðili að þessum samtökum.
5. Stjórn hafa borist óskir um **félagaskipti** frá 2 glímumönnum. Annarsvegar er það Þórður Páll Ólafsson sem sækir um skipti frá Ungmennafélaginu Val á Reyðarfirði til Knattspyrnufélags Reykjavíkur. Umsóknin er yfirfarin og samþykkt. Ritara er falið að tilkynna Þórði og KR um að félagaskipti hans séu samþykkt og einnig að öðrum félagaskiptum hafi verið hafnað vegna ófullnægjandi upplýsinga á eyðublaði fyrir beiðni um félagaskipti.
6. **Útbreiðslumál.** Búið er að hafa samband við öll héraðssambönd og félög sem eru með glímuiðkun, nema HSK. Félögum hefur verið boðið uppá aðstoð frá GLÍ. Formaður heimsótti KR og var það í fyrsta sinn í ansi mörg ár sem formaður GLÍ hefur mætt þar á æfingu, líklega ekki síðan Jón Birgir var formaður GLÍ.
Fram hefur komið í samtali við ÍSÍ að ekkert er því til fyrirstöðu að glímumenn taki að sér kynningar og fái greitt sem verktakar. Í samtölum við keppendur sem hafa gert þetta fyrir GLÍ, kemur fram að enginn hefur fengið greitt nema sem greiðslu uppí ferðakostnað til útlanda. Þau hafi ekki verið upplýst um upphæðir.

Búið er að hafa samband við HSB og skólameistarann í Laugaskóla. Þar eru tveir ungir glímumenn frá ÚÍA í skóla og vilja æfa. Verið er að vinna í að fá að koma á kynningum á starfssvæði HSB.

7. **Önnur mál.**

- Óskað er eftir að með fundarboði fylgi a.m.k. drög að dagskrá fundarins.
- Næsti fundur er fyrirhugaður þriðjudaginn 21.10 kl. 13:00 á skrifstofu GLÍ.
- Fyrrverandi formaður hefur sent upplýsingar um færslu á stjórnun á Facebook og Instagram reikningum GLÍ.

Fundi slitið kl. 15:10

Fundargerð skráð af Sigurjóni Leifssyni